

Þjóðskjalasafn Íslands
16 205

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Þjóðskjalasafn Íslands
kt. 710269-1149
Laugavegi 162, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 77/2014. Samkvæmt þeim fer safnið með framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar fyrir hönd ráðherra og gegnir jafnframt hlutverki opinbers skjalasafns.

Þjóðskjalasafn setur með samþykki ráðherra reglur um skjalavörslu og skjalastjórn ríkis og sveitarfélaga auk reglna um frágang skjalasafna, varðveislu og förgun gagna. Þjóðskjalasafn leiðbeinir um og hefur eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga, sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni. Þá hefur safnið eftirlit starfsemi héraðsskjalasafna. Þjóðskjalasafn fer þannig með yfirstjórn skjalamála í landinu.

Eitt meginhlutverk Þjóðskjalasafns er að taka til varðveislu skjöl frá afhendingarskyldum aðilum, bæði á rafrænu formi og á pappír. Safnið tekur jafnframt til varðveislu skjöl einkaaðila. Safnið veitir aðgang að safnkosti sínum, rannsakar og veitir fræðslu um hann. Safnið birtir í stafrænum búningi mikilvægar heimildir þjóðarsögunnar á vefjum sínum.

Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 500 talsins. Safnkostur Þjóðskjalasafns taldi í árslok 2022 um 47.325 hillumetra af pappírsskjölum og 4.593 Gb. af rafrænum gögnum. Það er stærsta safn frumheimila um íslenska sögu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Stofnunin var á árinu flutt á nýjan fjárlagalið 16-205 en var árið áður á fjárlagalið 02-903.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 667,8 milljónir og afkoma kr. 49,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 23,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 135,4 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjóðskjalasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Hrefna Róbertsdóttir,
þjóðskjalavörður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	505.000.000	369.200.000
Seld þjónusta	3	79.827.187	72.300.356
Vörusala		402.672	2.525.792
Framlög og ýmsar tekjur	4	66.785.962	51.880.593
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	15.820.964	11.667.668
Tekjur samtals		667.836.785	507.574.409
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	401.800.324	389.184.673
Framlög og tilfærslur		28.475.996	28.242.000
Annar rekstrarkostnaður	6	171.797.846	133.103.569
Afskriftir	7	15.820.964	11.667.668
Gjöld samtals		617.895.130	562.197.910
Afkoma fyrir fjármagnsliði		49.941.655	(54.623.501)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(87.447)	(35.577)
		(87.447)	(35.577)
Afkoma ársins		49.854.208	(54.659.078)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	47.430.204	(63.917.078)
Rekstrartilfærslur		2.424.004	9.258.000
		49.854.208	(54.659.078)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	<u>14.633.576</u>	<u>18.369.808</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		59.833.120	61.188.577
Farartæki og vélar		1.114.046	1.242.993
Aðrar eignir		9.580	14.580
		<u>60.956.746</u>	<u>62.446.150</u>
Fastafjármunir samtals		<u>75.590.322</u>	<u>80.815.958</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		0	5.463.170
Viðskiptakröfur		89.642	4.040.897
Tengdir aðilar	10	57.571.260	1.330.300
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		878.412	878.412
Handbært fé	11	<u>1.256.606</u>	<u>49.835.647</u>
Veltufjármunir samtals		<u>59.795.920</u>	<u>61.548.426</u>
Eignir samtals		<u>135.386.242</u>	<u>142.364.384</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		<u>23.192.382</u>	<u>(26.661.826)</u>
Eigið fé samtals		<u>23.192.382</u>	<u>(26.661.826)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	21.436.631	72.729.514
Viðskiptaskuldir		13.631.777	12.300.960
Ýmsar skammtímaskuldir	13	39.421.749	44.471.069
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	<u>37.703.703</u>	<u>39.524.667</u>
Skuldir samtals		<u>112.193.860</u>	<u>169.026.210</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>135.386.242</u>	<u>142.364.384</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		49.854.208	(54.659.078)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	15.820.964	11.667.668
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(15.820.964)	(11.667.668)
		<u>49.854.208</u>	<u>(54.659.078)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		3.951.255	(3.184.698)
Tengdir aðilar		(104.129.171)	60.205.651
Birgðir		5.463.170	1.258.012
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(3.718.503)	6.217.433
		<u>(98.433.249)</u>	<u>64.496.398</u>
		<u>(48.579.041)</u>	<u>9.837.320</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(8.713.880)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(10.595.328)	(7.404.534)
		<u>(10.595.328)</u>	<u>(16.118.414)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		10.595.328	16.118.414
		<u>10.595.328</u>	<u>16.118.414</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(48.579.041)	9.837.320
		<u>49.835.647</u>	<u>39.998.327</u>
		<u>1.256.606</u>	<u>49.835.647</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	10-14 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2022 2021

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	505.000.000	369.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	15.820.964	11.667.668
	<u>520.820.964</u>	<u>380.867.668</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	470.400.000	30.900.000	0	501.300.000
Launabætur	3.700.000	0	0	3.700.000
Fjárveiting til tekna	474.100.000	30.900.000	0	505.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(426.669.796)	(28.475.996)	0	(455.145.792)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	47.430.204	2.424.004	0	49.854.208

2022 2021

3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	77.923.870	71.142.424
Verksala	1.325.102	496.432
Ýmsar þjónustutekjur	715	0
Fræðslustarfsemi og fundir	577.500	661.500
	<u>79.827.187</u>	<u>72.300.356</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	2.439.722	1.410.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	53.500.000	41.500.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	10.700.433	8.970.593
Ýmsar tekjur	145.807	0
	<u>66.785.962</u>	<u>51.880.593</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	328.606.375	311.934.725
Orlof, breyting	(5.049.320)	5.381.549
Launatengd gjöld	74.619.635	69.708.625
Starfsmannakostnaður	3.623.634	2.159.774
	<u>401.800.324</u>	<u>389.184.673</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	34,6	34,3
------------------------------	------	------

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.210.951	1.378.999
Byggingarvörur, almennar	50.730	51.402
Byggingarvörur, aðrar	0	9.870
Tæki og búnaður til innréttinga	29.144	32.984
Ýmis tæki og áhöld	662.629	952.350
Varahlutir og viðhaldsvörur	129.931	35.522
Orkugjafar	5.099.068	6.146.647
Matvæli	5.616.101	5.015.852
Almennar rekstrarvörur	1.613.862	1.115.611
Vörukaup, almenn	14.412.416	14.739.237
Rannsóknarstofuefni	22.875	0
Kennslu- og föndurvörur	81.850	0
Ýmsar sérgreindar vörur	18.715.592	3.019.743
Vörukaup, sérgreind	18.820.317	3.019.743
Fundir, námskeið, risna	2.766.081	1.789.073
Ferðir, uppihald	2.844.446	2.424.950
Akstur	1.050.418	987.819
Sérfræðiþjónusta	33.076.647	21.848.453
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	116.610	61.578
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.461.788	1.246.860
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.336.373	7.073.377
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	43.652.363	35.432.110
Afnotagjöld	19.946.217	21.912.973
Leigugjöld	38.892.746	21.511.992
Notkun véla og flutningatækja	635.882	3.349.773
Verkkaup	22.432.623	22.076.475
Kostnaðarhlutdeild	0	1.220.544
Tryggingar, lögboðnar	1.592.198	1.565.180
Opinber gjöld	5.915.006	6.992.560
Tilfærslur	34.908	24.970
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	89.449.580	78.654.467
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	5.463.170	1.258.012
Vörur til endursölu og birgðabreyting	5.463.170	1.258.012
Annar rekstrarkostnaður samtals	171.797.846	133.103.569
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	11.950.785	11.189.046
Farartæki og vélar	128.947	162.270
Aðrar eignir	5.000	5.000
Niðurfærsla ófnislegra eigna	3.736.232	311.352
	15.820.964	11.667.668

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	14.633.576	18.369.808
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		18.681.160
		<u>18.681.160</u>
Niðurfært 01.01.2022		311.352
Niðurfærsla ársins		3.736.232
		<u>4.047.584</u>
Staða 31.12.2022		<u>14.633.576</u>

	31.12.2022	31.12.2021
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	59.833.120	61.188.577
Farartæki og vélar	1.114.046	1.242.993
Aðrar eignir	9.580	14.580
	<u>60.956.746</u>	<u>62.446.150</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	147.838.917	3.233.670	50.000	151.122.587
Viðbætur á árinu	10.595.328	0	0	10.595.328
	<u>158.434.245</u>	<u>3.233.670</u>	<u>50.000</u>	<u>161.717.915</u>
Afskriftir 01.01.2022	86.650.340	1.990.677	35.420	88.676.437
Afskrift ársins	11.950.785	128.947	5.000	12.084.732
	<u>98.601.125</u>	<u>2.119.624</u>	<u>40.420</u>	<u>100.761.169</u>
Staða 31.12.2022	<u>59.833.120</u>	<u>1.114.046</u>	<u>9.580</u>	<u>60.956.746</u>

	31.12.2022	31.12.2021
10 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	57.571.260	1.330.300
	<u>57.571.260</u>	<u>1.330.300</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	16.864.978	70.297.947
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	4.571.653	2.431.567
	<u>21.436.631</u>	<u>72.729.514</u>

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
11 Handbært fé		
Sjóðir	16.860	20.881
Tékkareikningar	1.239.746	49.814.766
	<u>1.256.606</u>	<u>49.835.647</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(26.661.826)	27.997.252
Afkoma ársins	49.854.208	(54.659.078)
Jöfnuður 31.12.	<u>23.192.382</u>	<u>(26.661.826)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	39.421.749	44.471.069
	<u>39.421.749</u>	<u>44.471.069</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	75.590.322	80.815.958
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(37.886.619)	(41.291.291)
	<u>37.703.703</u>	<u>39.524.667</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	80.815.958	(41.291.291)	39.524.667
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	14.000.000	14.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10.595.328	(10.595.328)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(15.820.964)	0	(15.820.964)
	<u>75.590.322</u>	<u>(37.886.619)</u>	<u>37.703.703</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 15,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og einnig ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 248,8 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 36,8 milljón.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.